

**Ed. 19. Frumvarp til laga [19. mál]**

um breytingu á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

Flm.: Kolbrún Jónsdóttir, Stefán Benediktsson.

10. gr. laganna falli niður. 1. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi. 2. gr.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er endurflutt óbreytt frá 105. löggjafarþingi. Því fylgdi þá svohljóðandi greinargerð:

Hér er lagt til að sú skipulagsbreyting verði gerð á verðákvörðunartöku Verðlagsráðs sjávarútvegsins, að lágmarksverð á sjávarafli verði ákveðið í frjálsum samningum af fulltrúum fiskkaupenda og fiskseljenda í Verðlagsráði sjálfu. Niðurfelling 10. gr. laganna um sérstaka yfirnefnd Verðlagsráðs með oddamann frá Þjóðhagsstofnun felur það í sér fyrst og fremst, að tekið er fyrir bein afskipti ríkisvaldsins af verðákvörðunum á sjávarafli. Með því móti væri farið að hinum upphaflega tilgangi laganna um Verðlagsráð sjávarútvegsins frá árinu 1961, að verðlag sjávarafli skyldi ákveðið í frjálsum samningum hagsmunaaðila án íhlutunar ríkisvaldsins. Þessi breyting felur það að sjálfsögðu í sér, að Verðlagsráð sjávarútvegsins, eins og það er skipað samkvæmt 1. gr. laganna, verði skilvirkara og sinni í raun þeim verkefnum sem því eru falin með þeim lögum.

Þar sem verðákvörðanir Verðlagsráðs eiga þannig að vera háðar frjálsum samningum, þar sem sammingsaðilum er frá upphafi ljóst að þeir verða að taka afleiðingum samninga sinna, þykir ekki rétt að í lögum verði tekið ákvæði um úrslit mála í skjóli atkvæðaafis. Að vísu er ljóst að mál geta skipast þannig að engin úrslit fái í Verðlagsráði, en slík málalok eru þá ekki annað en það er aðilar vinnumarkaðarins þurfa einlægt að horfast í augu við ef svo

ber undir. Hitt er annað mál, að samningsaðilar í Verðlagsráði geta vitaskuld á hvaða stigi sem er leitað til sáttasemjara ríkisins eða annars hlutlauss aðla, er þeir sjálfir kjósa, til þess að samræma sjónarmið og freista þess að leita sátta.

\* \* \*

Það er megineinkenni á íslensku samfélagi, að einstaklingar og samtök þeirra bera litla eða enga ábyrgð á þeim samningum sem gerðir eru. Gerðir eru samningar án tillits til þeirra verðmæta sem verið er að semja um skiptingu á.

Þetta er sérstaklega alvarlegt að því er tekur til samninga um verð á sjávarafurðum. Í tímanna rás hafa viðmiðanir orðið margfalt fleiri en nemur aflaverðmætinu sjálfu. Reynslan hefur sýnt að hlutverk hins veiklundaða ríkisvalds, þegar þrýstingur hvers konar er annars vegar, er að „leiðrétta“ þær skekkjur sem orðið hafa í samningum um fiskverð. Þær leiðréttingar fara þannig fram að gengið er lækkað „niður að jafnvægi“, sem aftur þýðir að allt vöruverð stórhækkar og síðan laun allmiklu síðar. Og loks grípa stjórnvöld til þess að sníða af laununum, svo sem alkunna er.

Verðbólguskrúfan er auðvitað flóknari en svo að hún verði skýrð með kerfi fiskverðs-ákvörðunar einu. En fullyrða má þó að þetta ábyrgðarlausu kerfi, þessir samningar án raunverulegrar ábyrgðar, eiga verulegan þátt í þeirri verðþenslu sem þjakað hefur íslenskt samfélag árum saman.

Lögd er til einföld breyting: að ríkisvaldið hætti að hafa afskipti af þessum samningum; að einstaklingar og samtök þeirra semji sem frjálsir menn um verð á afurðum sínum. Það verður síðan að ráðast með frjálsum hætti, hvernig fyrirkomulag þeir aðilar, sem málið snertir, kjósa að hafa á samningum. Kannske kjósa þeir að semja í litlum einingum; kannski kjósa þeir að semja í stórum bandalögum. Það er þeirra mál; það verða þeir að ákveða sem frjálsir menn.

Aðalatriðið er þó hitt, að tímaskeiði ábyrgðarlausra samninga, þar sem öflug þrýsti-samtök komast upp með að semja um nánast hvað sem er og velta síðan þeim tölum, sem engin verðmæti standa á bak við, á alla hina í samfélaginu, verður að ljúka.

Við verðum að taka tímaskeið frjálsra samninga og ábyrgðar þeirra sem semja.

### Fylgiskjal I.

Jón Sigurðsson:  
Starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins, **Ægir**, 1978.

### Fylgiskjal II.

Friðrik Pálsson:  
Starfshættir Verðlagsráðs sjávarútvegsins, **Ægir** 1978.

### Fylgiskjal III.

Vilmundur Gylfason:  
Frjálst fiskverð — burt með ríkisvaldið, **Nýtt land**, 1981.

Skýrt verður að taka fram, að athuga ber **hvenær** eftirfarandi ritgerðir eru ritaðar og **að höfundar hafa auðvitað fullan rétt á að hafa aðrar skoðanir nú en þá**. Ritgerðirnar eru prentaðar sem þingskjal með leyfi höfunda.

## Fylgiskjal I.

Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar

### **Starfsemi Verðlagsráðs sjávarútvegsins.** (Tímaritið **Ægir**, 1978.)

#### **Verkefni Verðlagsráðs.**

Senn eru liðin sautján ár frá því að lög um Verðlagsráð sjávarútvegsins voru fyrst sett.<sup>1)</sup> Á þessum árum hafa verið gerðar nokkrar breytingar á lögnum, en meginverkefni ráðsins hefur ekki breytt og er eins og segir í 6. gr. laganna:<sup>2)</sup>

„Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla, úrgangsfiski og fiskúrgangi, sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn.“

Til þess að geta leyst þetta verkefni er ráðinu ætlað að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum og safna gögnum um framleiðslukostnað hinna ýmsu greina sjávarútvegsins svo og öðrum gögnum, sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávarafla. Við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla skal ráðið lögum samkvæmt m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum svo og af framleiðslukostnaði þeirra.

Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð, og er óheimilt að selja sjávarafla undir því verði.

#### **Skipan Verðlagsráðs og yfirnefndar**

Við hverja verðákvörðun er Verðlagsráðið skipað tólf mönnum, sex frá fiskseljendum og sex frá fiskkaupendum. Af hálfu fiskseljenda eru að meginreglu þrír fulltrúar frá útvegs mönnum, tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna, og þrír frá sjómönnum, og er einn tilnefndur af hverju eftirtalinna samtaka, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Af hálfu fiskkaupenda er ráðið hverju sinni skipað eftir því, hvaða verð skal ákveða. Þegar fjallað er um almennt fiskverð (þ. e. verð á þorski, ýsu, ufsa og karfa og öðrum botnfiskum) sitja því í Verðlagsráði þrír fulltrúar frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, einn frá fiskvinnslustöðvum á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, einn frá Sambandi ísl. fiskframleiðenda og einn frá Samlagi skreiðarframleiðenda. Við ákvörðun verðs á síld og loðnu eða öðrum fisktegundum til bræðslu, eru fulltrúar kaupenda tilnefndir af samtökum síldar- og fiskmjölsverksmiðja og Síldarverksmiðjum ríkisins, en hins vegar af samtökum síldarsaltenda, þegar ákveða skal verð á síld til söltunar. Sérstakar reglur eru um skipan ráðsins, þegar fjallað er um verð á fiskúrgangi, enda geta þau viðskipti verið milli vinnslustöðva, og ráðið þá skipað í samræmi við það.

Ef ekki næst samkomulag í Verðlagsráði fyrir tilskilinn tíma,<sup>3)</sup> er ágreiningsatriðum vísað til sérstakrar yfirnefndar. Yfirnefndin er skipuð fimm mönnum. Eru tveir tilnefndir af fiskseljendum, annar úr hópi fulltrúa sjómanna en hinn úr hópi fulltrúa L.Í.Ú. og má hann ekki eiga neina aðild að fiskkaupum. Fiskkaupendur í Verðlagsráði tilnefna tvo menn, en oddamaður er forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans. Úrskurðir yfirnefndar eru fullnaðarúrskurðir og ræður meirihluti atkvæða úrslitum eins og segir í lögnum.

1) Lög nr. 97 18. desember 1961.

2) Lög nr. 81 23. júlí 1974.

3) Í reglugerð er þessi tími settur 20 dögum fyrir upphaf hvers verðlagstímabils, en Verðlagsráð ákveður sjálfstær verðlagstímabil fyrir hverja verðákvörðun.

### Ástæður og aðdragandi lagasetningar um Verðlagsráð.

Fiskverðsákvæðanir gegna lykilhlutverki í íslenska þjóðarbúskapnum. Þær ráða ekki aðeins miklu um rekstrarskilyrði fiskveiða og fiskvinnslu — tveggja undirstöðugreina — heldur einnig launum sjómanna að verulegu leyti vegna þess, hve aflahlutur er mikilvægur þáttur í kjörum þeirra og hefur lengi verið. Af þessum ástæðum hljóta fiskverðsákvæðanir jafnan að vera umdeildar og gildir þá einu hver aðferðin er höfð við verðákvarðanirnar, hvort sem þær eru teknar með frjálsum samningum alfarið, ráðast á uppboðsmarkaði frá degi til dags, eða eru felldar í sérstakt, opinbert samningakerfi með lögbundnum úrskurðaraðila eins og Verðlagsráði og yfirnefnd þess. Vandí skiptavallarins verður aldrei leystur í eitt skipti fyrir öll.

Enginn vafi leikur á, að grundvallarástæður fyrir setningu laganna um Verðlagsráð sjávarútvegsins eru þær sérstöku markaðsaðstæður, sem hér ríkja við fiskisölu á aðra hlið og í launakerfinu á fiskiflotanum á hina. Verð á fiski til vinnslu hérlendis hlýtur þegar til lengdar lætur að verulegu leyti að lúta því verði, sem fæst fyrir útfluttar fiskafurðir á erlendum markaði, en íslenskir útflytjendur hafa mjög takmörkuð áhrif á það verð, með því að þeir eru aðeins lítið brot af stórrí heild. Fjölmargt ræður verði á fiski á heimsmarkaði annað en það, sem beint lýtur að fiskveiðum og vinnslu. Fiskafurðir eru seldar í samkeppni við önnur matvæli og framboð og eftirspurn á mat yfirleitt ræður því markaðsverðinu ásamt almennu efnahagsástandi í markaðslöndunum. Matvælaverð í utanríkisverzlun er í mörgum greinum mjög sveiflukennt, því uppskeru- eða aflabrestur í mikilvægu framleiðslulandi eða löndum geta gjörbreytt annars vegar getunni til að flytja út matföng og hins vegar þörfinni fyrir aðfluttan mat. Tiltölulega litlar breytingar á heildarframleiðslu geta því valdið miklum breytingum á heimsmarkaðsverði. Við þetta bætist svo, að víða um heim er útflutningur á matvælum háður opinberum styrkjum, sem geta breytt snögglega. Íslenskur sjávarútvegur hefur ekki farið varhluta af þessum miklu sveiflum á matvælaverði. Frá sjónarmiði framleiðenda — fiskkaupenda hér á landi — er því mikilvægt að verð á hráefninu til framleiðslunnar sé sveigjanlegt og geti breytt eftir markaðsástandi. Í algerlega öndverða átt toga svo hagsmunir útvegsmanna og sjómanna, sem leggja áherzlu á, að verð á fiski sé sem hæst og stöðugast og haldi jafnan sínum hlut gagnvart þróun kostnaðar og launa hér á landi, hvað sem líður markaðsþróun erlendis. Sjómenn leggja vitaskuld á það áherzlu, að fiskverð sé ekki aðeins verð á venjulegri vöru í viðskiptum milli fyrirtækja, heldur ákveði það lífskjör sjómanna með hlutaskiptunum.

Víða erlendis er fiskur seldur á opinberu uppboði, og þar getur verðið verið afar breytilegt frá degi til dags, einkum vegna sveiflna í aflabroögðum en einnig vegna tímabundinna breytinga á eftirspurn eftir fiski, þótt fiskverðið fylgi almennu matvælaverðlagi þegar til lengdar lætur. Þessi aðferð er yfirleitt höfð þar sem megnið af aflanum fer ferskt til daglegrar neyzlu á stóru markaðssvæði. Hér á landi eru aðstæður yfirleitt allt aðrar. Í stað stórra löndunarhafna, sem hafa fjölmenni neytenda á upplandi sínu, fer sala á fiski fram í litlum fiskihöfnum kringum allt land. Sums staðar er kaupandi einn — eða fáeinir — en seljendur margir og eiga ekki í önnur hús að vanda með aflann nema með ærnum kostnaði. Við þetta bætist svo, að víða fara saman hagsmunir fiskvinnslustöðva og bátaeigenda, og er því hætt við, að venjulegir tvíhliða samningar skammti sjómönnum skarðan hlut. Þessi atriði skýra í stuttu máli þörfina fyrir sérstakan vettvang fiskverðsákvæðana hér á landi. Markaðsaðstæður eru þannig, að almenn skilyrði marka „réttu“ fiskverði vítt bil en ekki þröngt, og verður því að finna niðurstöðuna með einhvers konar samningaþófi, þar sem reynt er að hitta á málamiðlun þeirra margvíslegu hagsmuna og sjónarmiða, sem hér koma við sögu.

Á sjötta áratugnum valt á ýmsu, hvernig verð á ferskum fiski og síld upp úr sjó var ákveðið til vinnslustöðvanna. Verð á síld til bræðslu var til dæmis ákveðið af sjávarútvegsráðuneytinu skv. tillögum Síldarverksmiðja ríkisins og fylgdu verksmiðjur í einkaeign yfirleitt því verði. Verð á síld til söltunar var oftast ákveðið af Síldarútvegsnefnd. Um allt annað

fiskverð gildi, a. m. k. eftir miðjan sjötta áratuginn, að sjávarútvegsráðherra gat sett það sem skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta á sjávarafurðir úr Útflutningssjóði (stofnaður 1956), að hann væri samþykkuð því verði, sem greitt væri fyrir fiskinn. Fram til ársins 1960 var verðákvörðun á fiski upp úr sjó þannig að mestu í höndum opinberra aðila, þótt frá þessu verði gæti brugðið í viðskiptum milli manna. Á þessum árum ríkti oft óánægja hjá sjómönnum með fiskverð og það svo um árabíl, að sjómannasamtökin töldu sig ekki eiga annan úrkost en að semja við útvegsmenn um sérstakt skiptaverð, sem lagt skyldi til grundvallar við útreikninga á aflahlut skipverja. Hlutaskiptin sjálf voru svo ákveðin í öðrum samningum. Skiptaverðið gat því verið og var yfirleitt allt annað en almennt gangverð á fiskinum milli viðskiptaaðila.

Þessi tilhögun í verðlagsmálum var á ýmsan hátt gölluð og oft á tíðum dróst úr hömlu að ákveða fiskverð. Með lögum um efnahagsmál í ársbyrjun 1960, þegar útflutningsbótakerfið var lagt niður og genginu breytt, var ákveðið að opinberum afskiptum af fiskverðsákvörðun skyldi hætt og teknir upp frjálsir samningar um verð milli fiskseljenda og kaupenda. Þessi tilhögun gafst ekki vel á árinu 1960, og var komið nærri vertíðarlokum áður en samningar tókust um fiskverð. Menn voru þannig í óvissu um það alla vertíðina, hvers virði aflinn væri, er á land var lagður. Þetta ástand olli vitaskuld megnri óánægju. Í upphafi ársins 1961 voru gerðir nýir kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna. Meginefni þessara nýju samninga var gagnger breyting á hlutaskiptareglum, sem miðaðist við það m. a., að sjómenn tækju sinn hlut úr sama verði og útvegsmenn fengju fyrir fiskinn. Framvegis skyldi því hvorki samið um sérstakt skiptaverð eins og áður hafði verið gert né um frádrátt frá fiskverðinu áður en hlutir væru reiknaðir. Með þessum breytingum urðu hagsmunir sjómanna í fiskverðsákvörðun enn skýrari en áður, og sjómenn reistu vitaskuld þá kröfu, að eiga beina hlutdeild að öllum fiskverðsákvörðunum.

Þegar á árinu 1961 lá nærri að til verkfalls kæmi á síldveiðiflotanum vegna þess að ekki hafði tekizt að ákveða verð á síldinni. Af þessu var ljóst, að aðferð frjálsra tvíhliða samninga um fiskverð milli útvegsmanna og fiskkaupenda dygði ekki til að leysa þann verðlagningar- og tekjuskiptingarvanda, sem í fiskverðsákvörðunum felst. Sjávarútvegsráðherra, sem þá var Emil Jónsson, skipaði haustið 1961 nefnd átta manna, einn frá hverju eftirtalinna samtaka, Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi ísl. fiskframleiðanda, Samlagi skreiðarframleiðenda og Sambandi ísl. samvinnufélaga,<sup>1)</sup> til þess að gera tillögur um lausn á þessum vanda. Á vegum þessarar nefndar var samið frumvarp til laga, sem varð stofninn að lögum nr. 97 18. desember 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Í tillögum nefndarinnar var gert ráð fyrir, að kaupendur og seljendur ættu jafnan 7 fulltrúa hvor í ráðinu og skyldu vera á seljendahlið fjórir frá útvegsmönnum en þrír frá sjómönnum. Fulltrúi Alþýðusambandsins í nefndinni gerði fyrirvara um þetta atriði og um það urðu umræður á þingi. Málinu lyktaði svo, að fulltrúar seljenda voru sex, þrír frá sjómönnum og þrír frá útvegsmönnum, og hefur sú skipan haldizt síðan. Fulltrúi Alþýðusambandsins gerði ágreining um annað atriði og var það um skipan og verksvið yfirnefndar. Hann lagði til, að í stað yfirnefndar með oddamanni, sem aðilar kæmu sér saman um eða frá Hæstarétti ella, yrði leitað til sáttasemjara eins og í venjulegri vinnudeilu. Um önnur atriði voru nefndarmenn sammála. Miklar umræður urðu um frumvarpið á þingi, en það er athyglisvert, að enginn ágreiningur virtist vera um þörfina á sérstökum vettvangi fyrir fiskverðssamninga, þannig að ákvörðun fiskverðs gæti gengið sem snurðuminnst og deilur um og dráttur á

1) Nefndarmennirnir voru: Frá ASÍ Tryggvi Helgason, frá SSÍ Jón Sigurðsson, frá FFSÍ Guðmundur Oddsson, frá LÍÚ Sverrir Júlíusson, frá SH Einar Sigurðsson, frá SÍF Helgi Þórarinnsson, frá Samlagi skreiðarframleiðenda Ingvar Vilhjálmsson, frá SÍS Kristján Hallsson og Valgarð J. Ólafsson. Fyrir nefndina starfaði Hafsteinn Baldvinsson, lögfræðingur.

fiskverðsákvörðun yllu ekki stöðvun á rekstri útvegsins. Umræðurnar á Alþingi snerust reyndar mest um þau tvö atriði, sem ágreiningur var um í nefndinni, sem frumvarpið samdi, þ. e. um jafnræði sjómanna og útvegsmanna að fulltrúatölu og um úrskurðaraðila, ef ekki næðist samkomulag. Hins vegar voru litlar umræður, og að því er virðist enginn ágreiningur, um verkefni ráðsins eða það ákvæði laganna, að ákvarðanir „lágmarksverðs á sjávaraafli skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum,“ eins og sagði í 7. gr. hinna upphaflegu laga um Verðlagsráð (nr. 97/1961).

### **Breytingar á verðlagsráðslögunum.**

Lögunum um Verðlagsráð hefur verið breytt fimm sinnum frá því þau voru fyrst sett. Breytingar þessar eru misjafnlega veigamiklar, en það er fróðlegt að rekja þær nokkuð, því þær lýsa á sinn hátt reynslunni af starfsemi ráðsins.

1. **Fyrsta breytingin** og sú veigamesta var gerð í desember 1964 (lög nr. 60 24. desember 1964). Breytingin var í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi var 7. gr. hinna upphaflegu laga breytt þannig, að í stað orðalagsins ákvarðanir „um lágmarksverð á sjávarafla skulu byggðar á markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum“, kom annað og almennara ákvæði á þessa leið: „Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávarafla m. a. hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra.“ Í öðru lagi var gerð sú breyting á skipun yfirnefndar, að forstöðumaður Efnahagsstofnunar eða fulltrúi hans varð sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar. Þessi ákvæði eru bæði enn óbreytt, nema hvað Þjóðhagsstofnun er komin í stað Efnahagsstofnunar. Um tilefni þessara breytinga sagði í athugasemdum við lagafrumvarpið:

„Eftir úrskurð yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar s.l. kom í ljós, að sumir þeir aðilar, er fulltrúa eiga í verðlagsráði voru óánægðir með 1. málslíð 7. greinar laga nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins. Þótti þeim verðlagsráði sniðinn of þröngur stakkur hvað snertir sjónarmið þau, er leggja skal til grundvallar við ákvörðun verðlagsráðs um lágmarksverð sjávarafla. Einkum töldu fulltrúar fiskseljenda óheppilegt, að ekki væri tekið fram í lögunum, að kostnaður við öflun fisksins og verkun skyldi hafa áhrif á verðið. Hefur ósamkomulag aðila um þetta atriði magnast síðan, og er svo komið, að yfirnefnd verðlagsráðsins má heita óstarfhæf.

Tilgangur laganna um verðlagsráð sjávarútvegsins var í upphafi sá, að með tilkomu verðlagsráðs yrði sanngjarnlega skipt þeim verðmætum, sem fyrir hendi væru, milli fiskseljenda og fiskkaupenda. Ætti sú breyting á lögunum, sem hér er lögð til, að gera kleift að svo verði einnig í framtíðinni. Með frumvarpinu eru verðlagsráði gefnar allfrjálsar hendur um verðlagsákvarðanir innan þess ramma, sem gildandi gengi krónunnar setur, en þau grundvallarsjónarmið, sem ríkja skulu við ákvörðun um lágmarksverð á sjávarafla, eru áréttuð til leiðbeiningar. Skal þar taka tillit til hagsmuna beggja aðila, fiskkaupenda og fiskseljenda.

Enn fremur er sú breyting gerð á 9. gr. laganna, að forstöðumaður Efnahagsstofnunar er sjálfkjörinn oddamaður yfirnefndar.

Þessi skipun er hliðstæð því, að hagstofustjóri er oddamaður við ákvörðun á verði landbúnaðarafurða. Ætti hún að tryggja betur en verið hefur, að samræmi skapist í úrskurðum nefndarinnar, og auðvelda það, að verðlagsákvarðanir séu teknar á grundvelli sem fullkomnastra upplýsinga um afkomu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og launaþróunar í landinu og með tilliti til almennra aðstæðna þjóðarþúskaþarins. Þar sem um margar verðlagsákvarðanir er að ræða á hverju ári, þykir rétt að gera forstöðumanni Efnahagsstofnunarinnar kleift að setja fulltrúa í sinn stað.“

Þessi lagabreyting hefur síðan mótað starfsemi Verðlagsráðs, þannig að verðákvarðanir þess verða að taka mið af fjölmörgum atriðum. Telja mátti fimm helzt:

- 1) **Markaðsverð sjávarafurða erlendis**, og það verð, sem framleiðendur hér á landi fá í hendur að teknu tilliti til sölu-, flutnings- og tryggingakostnaðar auk útflutningsgjalda og greiðslna úr eða í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.
- 2) **Framleiðslukostnaður og afkoma fiskvinnslunnar.**
- 3) **Útgerðarkostnaður og afkoma útgerðarinnar.**
- 4) **Tekjur sjómanna og launapróun í landinu yfirleitt.**
- 5) **Almennar aðstæður í þjóðarbúskapnum.**

Af þessari fjölpættu viðmiðun leiðir, að ekki er unnt að tala um fastan verðgrundvöll fyrir fiskverðið eins og oft er gert t. d. um búvöruverðsákvæðanir. Hins vegar eru hér talin þau atriði, sem Verðlagsráð og yfirnefnd þess aflar sér reglubundinna upplýsinga um og hefur m. a. til hliðsjónar við fiskverðssamninga. Á Alþingi 1964 mæltu ýmsir úr hópi stjórnarandstæðinga gegn lagabreytingunni, en raunar snerist sú gagnrýni fyrst og fremst um skipan og störf yfirnefndar yfirleitt sem eins konar gerðardóms. Töldu þeir, að þessi tilhögun leiddi til þess, að farið yrði bil beggja, þ. e. seljenda og kaupenda, í úrskurðum nefndarinnar og ákveðið eitthvert meðaltalsverð, sem báðir aðilar væru óánægðir með. Næðist ekki samkomulag um verð milli seljenda og kaupenda kallaði það beinlínis á afskipti ríkisvaldsins — líkt og við ákvörðun búvöruverðs — og væri það raunar eðlilegra við þessar aðstæður en að fela oddamanni að kveða upp einhvers konar meðaltalsúrskurð.

Einnig spunnust miklar umræður um túlkun niðurlagsorða lagagreinarinnar um yfirnefnd, þar sem segir, að meiri hluti atkvæða ráði úrslitum, en í ársbyrjun 1964 hafði oddamaður skipaður af Hæstarétti<sup>1)</sup> beitt þeim þannig eftir að verðtillögur frá báðum aðilum voru komnar fram, að hann úrskurðaði einn verð, sem lá á milli fram kominna tillagna með vísun til almennra dómskaparreglna um fjölskipaða dóma.

Auðvitað er ljóst eins og Verðlagsráð er hugsað, að oddamannsúrskurður er prautilending, en hins vegar ber lögfróðum mönnum yfirleitt saman um það, að hann fái staðizt að lögum. Til hans getur þurft að grípa í þræfli, enda hvílir á yfirnefndinni sú skylda að komast að niðurstöðu. Í reynd hefur oddamannsúrskurði aðeins verið beitt fjórum sinnum í allri sögu Verðlagsráðsins eða nálægt í einum hundraðasta af öllum verðákvörðunum.

2. **Önnur breyting var gerð** í marz 1967 (lög nr. 5 15. marz 1967). Efni þessarar breytingar var að fela Verðlagsráði að ákveða verð á fiskúrgangi og var sú breyting ágreiningslaus. Í framsöguræðu sjávarútvegsráðherra, Eggerts G. Þorsteinssonar, fyrir frumvarpinu kom fram, að við lagabreytingarnar 1964 um skipan forstöðumanns Efnahagsstofnunarinnar sem fasts oddamanns yfirnefndar hefðu orðið nokkur þáttaskil í úrskurðum nefndarinnar, þar sem verðið væri í ríkari mæli en fyrir breytinguna ákveðið með fulltrúum fiskseljenda eða í 13 skipti en 5 sinnum með kaupendum og þrisvar með almennu samkomulagi. Á tímabilinu 1962—1964 var verðið 7 sinnum ákveðið með kaupendum, þrisvar með seljendum og einu sinni af oddamanni einum.
3. **Þriðja breytingin** var gerð í desembermánuði 1973 (lög nr. 99 21. desember 1973) þannig, að síldardeild ráðsins var lögð niður í því formi, sem hún var, en í hennar stað komu tvær nýjar deildir, síldarsöltunardeild og bræðsludeild, er tæki til síldar- og loðnu-bræðslu, svo og bræðslu á öðrum fiski. Ennfremur var kveðið á um, að Verðlagsráð ákveði sjálft verðlagstímabil. Breytingar þessar voru samþykktar án verulegra umræðna á Alþingi.
4. **Fjórdu breytinguna** má telja þá, að í júlí 1974 (lög nr. 81 23. júlí 1974) voru lög in um Verðlagsráð gefin út í heild með áorðnum breytingum 1964, 1967 og 1973.
5. **Fimmta og síðasta breytingin** var gerð í apríl 1978 (lög nr. 27 26. apríl 1978) á þá leið, að ráðið skuli ákveða verð á síldarúrgangi og að ákvörðun verðs á lifur skuli færð úr fiskideild í fiskúrgangsdeild.

1) Hákon Guðmundsson.

### Gagnasöfnun.

Eins og fram hefur komið er Verðlagsráðinu ætlað að fylgjast með þróun markaðsverðs á sjávarafurðum og afla sér gagna um framleiðslukostnað hinna ýmsu greina sjávarútvegs og önnur atriði, sem varða ákvörðun fiskverðs. Til þess að gefa hugmynd um efnissvið og helztu heimildir, sem Verðlagsráðið og yfirnefnd þess styðst við, verða hér rakin nokkur atriði.

#### 1. *Markaðsverð.*

Upplýsingar um markaðsverð eru m. a. fengnar hjá útflytjendum sjávarafurða, en lögum samkvæmt er þeim skylt að láta þær í té. Verðskráning ýmissa afurða erlendis í sértímaritum og fréttabréfum um markaðsmál, bæði frá opnberum aðilum og einkaaðilum, gefa einnig vísbendingu um markaðsþróun. Verðskráning viðskiptaráðuneytis við veitingu útflutningsleyfa er einnig notuð sem heimild um markaðsverð, einkum að því er varðar mjöl og lýsi, auk upplýsinga frá hráefnismörkuðum erlendis. Að sjálfsögðu koma einnig fram tölur um markaðsverð í verzlunarskýrslum Hagstofunnar. Þjóðhagsstofnun dregur reglulega saman talnaefni um þróun útflutningsverðlags og horfur í þeim efnum á grundvelli framangreindra heimilda og metur jafnframt það skilaverð, sem framleiðendur fá þegar reiknað hefur verið með áhrifum útflutningsgjalda og Verðjöfnunar-sjóðsins skv. gildandi reglum.<sup>1)</sup> Þetta mat ásamt því efni sem fulltrúar í Verðlagsráði kunna að leggja fram, er undirstaða umræðna um markaðsverðsforsendur verðákvörðunar hverju sinni.

#### 2. *Framleiðsla sjávarafurða.*

Skýrslur samtaka framleiðenda og útflytjenda um birgðir og framleiðslu og skýrslur Hagstofu og Fiskifélags um útflutning og birgðir af sjávarafurðum eru nauðsynleg undirstaða fyrir mat á líklegu markaðsverði á framleiðslu hvers verðtímabils, auk þeirrar vitneskju um hagnýtingu sjávaraflans, sem í þeim felst.

#### 3. *Afli og aflaverðmæti.*

Reglulegar aflaskýrslur Fiskifélagsins eru mikilvæg gögn fyrir verðákvæðanir, en auk þess tekur Fiskifélagið saman fyrir Verðlagsráð og Þjóðhagsstofnun sérstakt yfirlit yfir verðflokaskiptinguna á hverju verðtímabili. Þessar tölur liggja nú orðið fyrir nokkrum mánuðum eftir lok hvers verðtímabils og eru mikilvægar til þess að meta áhrif einstakra verðbreytinga, bæði að því er varðar tekjur sjómanna og útvegsmanna og hráefniskostnað vinnslunnar. Auk þessara skýrslna um verðflokaskiptingu aflans, er stuðzt við upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun um stærðardreifingu fisktegunda, þegar breytingar hafa verið gerðar á stærðarflokkum til verðs.

#### 4. *Framleiðslukostnaður og afkoma fiskvinnslunnar.*

Skýrslur um framleiðslukostnað og afkomu fiskvinnslunnar eru að mestu leyti teknar saman í Þjóðhagsstofnun. Stofnunin semur árlega yfirlit yfir rekstur fiskiðnaðarins og einstakra greina hans úr ársreikningum nær allra frystihúsa og loðnu- og fiskmjölsverksmiðja og úr stóru úrtaki úr saltfiskverkun, skreiðarverkun og öðrum greinum sjávarútvegs. Grundvöllur þessara heildaráætlana eru raunar ársreikningar og skattframtöl, en öll helztu álitamál, eins og verðlagning birgða og mat afskrifta, eru endurmetin af Þjóðhagsstofnun til þess að samræmd mynd geti fengið af heildinni. Fyrirtækin sjálf, samtök þeirra og útflytjendur sjávarafurða, leggja til upplýsingar í þessar athuganir, og hefur tekizt um þetta efni góð samvinna. Úr ársreikningum eru ekki eingöngu unnin heildaryfirlit heldur einnig yfirlit eftir landssvæðum, auk þess sem jafnan er reynt að sýna, hvernig fyrirtækin dreifast eftir afkomu kringum heildarmeðaltal í hverri grein. Raunar hefur sú skipan aldrei komizt á að fiskverðið væri einungis ákveðið með einfaldri viðmiðun við heildina.

1) Um þetta efni má m. a. vísa til skýrslu tillöguneftndar um „Sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti“, janúar 1976, og laga nr. 5/1976, og til kafla 2.5.5. í skýrslu Verðbólguneftndar, febrúar 1978, og laga nr. 72/1969, sbr. lög nr. 18/1972.



Síðustu tiltækir ársreikningar eru færðir fram til líðandi stundar á grundvelli beztu vitneskju um breytingar einstakra tekna- og gjaldaliða og þannig reynt að draga upp mynd af rekstrarstöðunni eins og hún er á hverjum tíma. Framreikningur af þessu tagi er vitaskuld háður óvissu og álitamál eru um ýmis atriði, en á undanförunum árum hefur fengizt allgóð reynsla af gerð rekstraráætlana og venjur myndazt um meðferð ýmissa rekstrarliða. Þannig ríkir nú yfirleitt ekki grundvallarágreiningur milli aðila um rekstrarstöðu sjávarútvegsins.

Auk rekstraráætlana fyrir heilar greinar fiskvinnslu styðst Verðlagsráð nokkuð við áætlun um framleiðslukostnað og tekjur við vinnslu einstakra fisktegunda og stærðarflokka, einkum við ákvörðun verðhlutfalla milli fisktegunda og verðflokka innbyrðis. Þetta efni er yfirleitt fengið frá tæknideildum samtaka framleiðenda en reynt er að samræma það heildaráætlunum. Þá er jafnan aflað sérstakra gagna um hráefnisgæði og nýtingu á bræðslufiski frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þegar verðbreyting á því hráefni er til meðferðar, auk þess sem ráðið hefur staðið fyrir sérstökum athugunum á nýtingu rækju og humars. Nú stendur yfir á vegum ráðsins athugun á nýtingu helztu botnfiska eftir tegund, stærð og gæðum með liðsinni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og tæknideilda samtaka framleiðenda. Tilgangur þessarar athugunar er að leggja grundvöll að endurskoðun verðflokaskiptingar eftir stærð og gæðum, ef ástæða þykir til.

5. *Útgerðarkostnaður og afkoma fiskveiða.*

Þjóðhagsstofnun semur einnig árlega heildaryfirlit yfir rekstur fiskiskipaflotans eftir útgerðargreinum í samvinnu við Fiskifélagið og á grundvelli stórs úrtaks úr ársreikningum báta- og togaraflotans. Úrtaksreikningarnir eru færðir upp í heildarstærðir með tilstyrk skýrslna Fiskifélagsins um aflamagn, aflaverðmæti og úthald allra fiskiskipa. Aflahlutir, afskriftir og vátryggingar eru áætlaðar beint eftir heildarupplýsingum um aflaverðmæti, úthald og vátryggingarverðmæti, en aðrir kostnaðarliðir eftir úrtaksreikningum. Þessir reikningar eru svo færðir fram til líðandi árs á sama hátt og lýst var hér að framan fyrir fiskvinnsluna, og er m. a. stuðzt við reglubundnar upplýsingar Landssambands ísl. útvegsmanna og Fiskifélagsins um aflabrogð og aflaverðmæti togaranna.

6. *Þróun fiskverðs og tekna sjómanna og annarra stétta.*

Þjóðhagsstofnun semur reglulega og birtir verðvísitölur um fiskverð. Þá vinnur stofnunin á hverju ári úr úrtaki úr skattframtölum kvæntra verka-, sjó- og iðnaðarmanna, þannig að greina megi þróun tekna sjómanna í samanburði við aðrar starfsgreinar. Þessar upplýsingar fylla þá mynd af hlut sjómanna, er fram kemur í útgerðar- reikningum.

Upptalningin hér að framan á gagnasöfnun vegna Verðlagsráðs gæti verið miklu ítarlegri en ætti þó að duga til að sýna efnissviðið. Eins og fram kemur vinnur Þjóðhagsstofnun mikið af þessum verkum. Þetta tengist vitaskuld oddamannsstörfum forstöðumanns Þjóðhagsstofnunar, en raunar er það eitt meginverkefni stofnunarinnar að fylgjast með framleiðslu og afkomu atvinnuveganna. Þessar sjávarútvegsskýrslur hafa að sjálfsgöðu einnig gildi við ákvarðanir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og gengis- ákvarðanir og eru til upplýsinga fyrir aðila vinnu- og atvinnurekandans. Niðurstöður þessara athugana eru birtar með ýmsum hætti, t. d. birtist ítarlegt yfirlit í riti Þjóðhagsstofnunar „Sjávarútvegur 1973—1977“ í apríl 1977, í skýrslu um athugun á afkomu fiskvinnslu í október 1977 og í Viðauka 2 við skýrslu Verðbólgunefndar í febrúar 1978.

**Yfirlit yfir verðákvarðanir Verðlagsráðs 1962—1977.**

Á undanförunum árum hafa spunnizt nokkrar umræður um starfsemi Verðlagsráðsins og yfirnefndar þess. Meðal atriða, sem gagnrýnd hafa verið, er að verðákvörðuninni sé í vaxandi mæli skotið til yfirnefndar og að hlutverk ráðsins sjálfs hafi farið minnkandi.

Í þessu sambandi er fróðlegt að skoða eftirfarandi yfirlit yfir verðákvæðanir ráðsins frá upphafi og fram til hausts 1977, þ. e. fyrstu sextán starfsárin. Hugtakið verðákvörðun þarfnast nokkurra skýringa. Sú hefð er á komin og helgast af útgerðarháttum, að ákvörðun um verð þorsks, ýsu, ufsa, karfa og annarra botnfiska er yfirleitt tekin í einu lagi, upphaflega einu sinni en nú oftast þrisvar á ári, og venjulega nefnd ákvörðun almenns fiskverðs. Að öðru leyti er yfirleitt fjallað um verð hvernar tegundar sérstaklega og jafnvel eftir því til hvaða vinnslu hún fer, og er svo t. d. um verð á síld og loðnu. Þannig eru einstakar ákvarðanir eða mál hjá Verðlagsráði ákaflega misþungu á metunum.

Ákvörðun almenns fiskverðs er vitaskuld langmikilvægust og ræður verði á um það bil 80% af heildaraflaverðmætinu um þessar mundir. Af þessum sökum er ástæða til að gera þessari afar mikilvægu ákvörðun sérstök skil, og er það gert í töflu 1, sem hér fylgir, en öðrum ákvörðunum í einu lagi í töflu 2. Í töflunum er tímanum 1. janúar 1962 til 30. september 1977 skipt í fjögur tímabil og á hverju þeirra eru fjögur starfsár Verðlagsráðs, en það er talið frá 1. október til 30. september. Tölur fyrir fyrsta tímabilið lýsa þá niðurstöðu mála á því tímabili, sem hin upphaflega löggjöf gilti fyrst og fremst, en hin síðari lýsa úrslitum eftir að viðmiðun ráðsins við verðákvæðanir var gerð almennari og skipan oddamanns yfirnefndar breytt í það horf, sem haldizt hefur síðan.

Þegar litið er yfir 33 teknar ákvarðanir um almennt fiskverð þessi sextán ár, kemur í ljós, að samkomulag í ráðinu sjálfu eða yfirnefnd hefur alls ekki tekizt sjaldnar á síðari árum en í upphafi starfseminnar. Þvert á móti virðist oftast hafa tekizt að ná samkomulagi á síðasta fjögurra ára tímabilinu, sem hér er sýnt, en hinum fyrri. Þróunin gæti hins vegar bent til þess, að verðlagsráðshópurinn sé í stærra lagi til þess að samkomulag náist. Þegar í yfirnefnd er komið og ekki tekst samkomulag, falla atkvæði í reynd oftast seljendamegin. Hins vegar sýnir yfirlitið skýrt, að atkvæði geta gengið á ýmsa vegu. Úrslitin eru engan veginn sjálfgefin, og ekki verður merkt veruleg breyting á starfsháttum ráðsins að þessu leyti gegnum tíðina. Annað verður uppi á teningnum, þegar litið er á aðrar verðákvæðanir (tafla 2). Þar stingur tvennt í augu. Í fyrsta lagi er samkomulag um verð miklu fátíðara eftir lagabreytinguna 1964 en fyrir hana og í öðru lagi gengu fimm af sex yfirnefndarúrskurðum fyrir 1966 með kaupendum gegn seljendum. Eftir lagabreytinguna 1964 hefur hins vegar að því er virðist ekki orðið teljandi breyting á því, hvernig atkvæði falla við úrslit mála. Samkomulag næst í ráðinu um nálægt 40% af öllum málum en um 50—55%, ef samkomulag í yfirnefnd er talið með. Verði ágreiningur, falla atkvæði í yfirnefnd um það bil tvisvar með seljendum á móti hverju einu skipti með kaupendum. Ekki verður merkt áberandi breyting á þessari skiptingu eftir 1965. Eftir þessu að dæma og með tilliti til þess, að yfirleitt hefur tekizt að komast að niðurstöðu um verð án verulegrar tafar og án þess að rekstrartruflanir hafi orðið, virðist Verðlagsráðið hafa reynzt fremur farsæll samningsvettvangur.

Tafla 1. Ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins 1962—1977. Almenn fiskverð.

	1962—1965	1966—1969	1970—1973	1974—1977	1962—1977
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
	ákvarðana	ákvarðana	ákvarðana	ákvarðana	ákvarðana
<b>Samkomulag í ráðinu</b>	1	—	4	2	7
<b>Yfirnefndarákvarðanir</b>	6	4	6	10	26
<i>Aðild að ákvörðun:</i>					
Samkomulag .....	—	—	2	6	8
Oddamaður, seljendur og einn kaupandi .....	—	—	—	—	—
Oddamaður, kaupendur og 1 seljandi .....	1	1	—	—	2

	1962—1965	1966—1969	1970—1973	1974—1977	1962—1977
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
	ákvarðana	ákvarðana	ákvarðana	ákvarðana	ákvarðana
Oddamaður og seljendur án mótaskvæða kaupenda .....	—	—	1	—	1
Oddamaður og kaupendur án mótaskvæða seljenda .....	—	—	—	—	—
Oddamaður og seljendur gegn atkvæðum kaupenda .....	3	2	1	3	9
Oddamaður og kaupendur gegn atkvæðum seljenda .....	1	—	2	—	3
Oddamaður, 1 kaupandi og 1 seljandi .....	—	—	—	1	1
Oddamannsúrskurður .....	1	1	—	—	2
<b>Alls</b>	<b>7</b>	<b>4</b>	<b>10</b>	<b>12</b>	<b>33</b>

Tafla 2. Ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins 1962—1977 um annað verð en almennt fiskverð.

	1962—1965	1966—1969	1970—1973	1974—1977	1962—1977
	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
	ákvarðana	ákvarðana	ákvarðana	ákvarðana	ákvarðana
<b>Samkomulag í ráðinu</b>	<b>33</b>	<b>39</b>	<b>30</b>	<b>47</b>	<b>149</b>
<b>Yfirnefndarákvarðanir</b>	<b>6</b>	<b>56</b>	<b>42</b>	<b>68</b>	<b>172</b>
<i>Aðild að ákvörðun:</i>					
Samkomulag .....	—	14	11	14	39
Oddamaður, seljendur og 1 kaupandi .....	—	—	1	2	3
Oddamaður, kaupendur og 1 seljandi .....	—	—	—	—	—
Oddamaður og seljendur án mótaskvæða kaupenda .....	—	2	—	3	5
Oddamaður og kaupendur án mótaskvæða seljenda .....	—	—	2	—	2
Oddamaður og seljendur gegn atkvæðum kaupenda .....	—	26	18	31	75
Oddamaður og kaupendur gegn atkvæðum seljenda .....	5	13	9	17	44
2 samþ. og 3 sátu hjá .....	1	—	—	1	2
Oddamannsúrskurður .....	—	1	1	—	2
<b>Alls</b>	<b>39</b>	<b>95</b>	<b>72</b>	<b>115</b>	<b>321</b>

### Lokaorð.

Pegar á heildina er litið má telja, að starfsemi Verðlagsráðsins hafi gefið allgóða raun. Þannig má benda á, að mikilvægasta ákvörðunin, almennt fiskverð frá áramótum hvert ár, hefur yfirleitt legið fyrir um eða fyrir miðjan janúarmánuð í þau sautján skipti, sem Verðlagsráð hefur komið þar nærri, og aðeins tvisvar eða þrisvar dregið fram í febrúar. Eins er naumast hægt að álíta, að á þessum árum hafi orðið alvarlegar tafir á útgerðinni vegna dráttar eða deilna um fiskverðsákvörðun, þótt hún hafi oft sætt gagnrýni. Eðli málsins samkvæmt og allra aðstæðna vegna hljóta fiskverðsákvarðanir hér á landi jafnan að vera umdeildar. Við ríkjandi markaðsaðstæður hér getur fiskverð ekki ráðizt sjálfkrafa og óumdeilt á uppboði eða með öðrum hætti af mergð markaðarins, heldur togast aðilar á um verð í einhvers konar samningabófi, ekki sízt vegna þess hve mikilvæg og augljós tekju-skiptingarhrif fiskverðs hefur fyrir fjölmenna starfsstétt. Af þessu leiðir að samanburður

annarra stétta við tekjur sjómanna hlýtur jafnan að skipta máli. Á hinn bóginn er einnig við því að búast, að sjómenn setji einatt kröfur um fiskverðshækkun með vísun til breytinga á tekjum annarra stétta. Hér er um óhjákvæmilega víxlverkun að ræða meðan hlutaskiptin ráða tekjum sjómanna að stærstum hluta.

Breytingar á afkomu þjóðarbúsins, bæði vegna atburða innanlands og breytinga ytri skilyrða, koma yfirleitt fyrst fram í sjávarútveginum og af mestum þunga vegna lykilstöðu hans í gjaldeyrisöfluninni. Af þessum sökum verður fiskverðsákvörðunin erfiðari en ella og tengist oft almennum efnahagsráðstöfunum t. d. gengisbreytingum.

Þegar öllu er á botninn hvolft er ekki auðvelt að koma auga á aðra leið við fiskverðsákvörðanir, sem leyst gæti Verðlagsráðið af hólmi, þannig að til ótvíræðra framfara horfði, þótt vafalaust megi bæta starfshætti ráðsins.

Meðan menn draga fisk úr sjó og skipta í hluti verður deilt um fiskverðið; hvort það sé rétt, hvort það sé sanngjarnt.

## **Fylgiskjal II.**

Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri SÍF:

### **Starfshættir Verðlagsráðs sjávarútvegsins. (Tímaritið *Ægir*, 1978.)**

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Verðlagsráð sjávarútvegsins, sem lagt var fram á Alþingi árið 1961 og samþykkt á því þingi segir svo m. a.:

„Frumvarp þetta er flutt í þeim tilgangi að koma verðákvörðunum á ferskum sjávarafli í fastari skorður en verið hefur um mörg ár, svo að komið verði hjá ágreiningi, sem leitt getur til hins alvarlegasta ástands í útgerðarmálum þjóðarinnar.“ Og á öðrum stað segir: „Um aðrar fiskafurðir (aðrar en fersksíld) hefur gilt sú regla, allt frá því í desember 1956, er útflutningssjóður var stofnaður að lágmarksverð á þorski og öðrum fisktegundum en síld var ákveðið með lögum, fyrst með lögum nr. 33/1958, þar sem ríkisstjórninni var heimilað að setja það skilyrði fyrir greiðslu útflutningsbóta, að fiskvinnslustöðvar greiddu útgerðinni ákveðið lágmarksverð fyrir fisk og fiskafurðir.“

Við setningu laganna var þannig við það miðað, að frjálsir samningar kæmust á milli fisksöluaðila og fiskkaupenda, og ríkisstjórn leyst undan beinum afskiptum af fiskverðsákvörðunum og hefur það án efa verið léttir fyrir hana.

Nefnd sú, sem undirbjó og samdi frumvarp til þeirra laga, sem nú er unnið eftir, var í aðalatriðum á einu máli um skipan ráðsins.

Allir voru í það minnsta sannfærðir um nauðsyn þess, að allir þeir aðilar, sem verulegra hagsmuna hafa að gæta, ættu fulltrúa í ráðinu. Í fiskideild komist þeir ekki af með færri en 14, þ. e. 7 fulltrúa frá hvorri hlið. Í meðförum Alþingis breyttist fjöldinn í 12, þ. e. 6 fulltrúa seljenda og jafnmarga fulltrúa kaupenda. Þessi breyting Alþingis var vissulega umdeilanleg, en ekki verður fjallað nánar um hana hér.

Höfundar frumvarpsins voru sér vel meðvitandi um það, að bezt væri að komast af með eins fáa fulltrúa og hægt væri, til að gera ráðið liprara í starfi, en töldu sig ekki komast af með færri en 14 til að ná þessu takmarki, að allra hagsmunir væru sémilega verndaðir og um leið haldið nokkru jafnvægi milli félagasamtaka.

Allmörg ár eftir stofnun Verðlagsráðs vann það störf sín að fullu í samræmi við lög þau, sem það starfar eftir. Þá var fiskverð rétt á fjölmörgum fundum í sjálfu Verðlagsráðinu áður

en því var vísað til yfirnefndar, ef ekki náðist samkomulag í ráðinu. Í lögnum var að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að ekki náðist alltaf samkomulag í aðalráðinu og var því gert ráð fyrir yfirnefnd, sem í ættu sæti 2 fulltrúar frá hvorri hlið svo og einn aðili til viðbótar, sem nú er að breyttum lögum forstjóri Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans. Þess háttar stóridómur er eðlilegur og sjálfsagður, þegar ekki næst samkomulag á annan hátt eftir ítarlegar tilraunir.

En nú er öldin önnur. Það telst orðið til undantekninga, ef miklu þúðri er eytt í umræður í 12 manna ráðinu. Til málamynda er hitzt og skipzt á nokkrum orðum og svo er málinu vísað til yfirnefndar og nægir til þess ein rödd samkvæmt venju sem skapast hefur og ég ætla ekki að fjalla um hér, hvort sé í samræmi við anda laganna eða ekki.

Í fiskideildinni við ákvörðun almenns fiskverðs, en það skiptir að sjálfsögðu mestu, þá heyrir það nú orðið nánast til undantekninga, ef samkomulag næst án tilstillis yfirnefndar. Hins vegar kemur það oft fyrir við verðlagningu einstakra tegunda.

Verðlagsráðið, eins og lögin gera ráð fyrir því, er að mínu mati góð stofnun, en með einni undantekningu þó. Ég álit, að með í störfum 12 manna ráðsins alveg frá upphafi þurfi að vera oddamaður. Oddamaður, ekki með úrskurðarvald, heldur á hann að vera fundarstjóri og sáttasemjari. Nú er formaður Verðlagsráðs jafnframt fundarstjóri, en hann er ávallt fulltrúi annars hvors aðilans og þess vegna ekki í sem beztri aðstöðu til sáttasemjarastarfa. Ég er ekki í vafa um, að með slíku fyrirkomulagi mætti ná meiri afköstum og betri árangri í störfum Verðlagsráðs. Hver þessi oddamaður ætti að vera læt ég ósagt, en teldi eðlilegt, að sá hinn sami yrði oddamaður yfirnefndar, ef og þegar hennar þyrfti með og fengi hann þá úrskurðarvald eins og hann hefur nú.

Með þessum hætti yrði hann í góðri aðstöðu til að kveða upp úrskurð sinn í yfirnefnd, eftir að hafa hlýtt á allra boðskap í ráðinu sjálfu og hafa reynt að miðla þar málum.

Nú kann einhver að segja, að þetta fyrirkomulag sé bæði þyngra í vöfum og dýrara, þar sem færri menn séu í yfirnefnd en verðlagsráðinu sjálfu. Það er alveg rétt, en hvað er þá verið að dragnast með ráðið sjálft, þessa 12 menn, ef sýnt þykir, að yfirnefndin sé einfær um þetta. Það er þá aðeins til málamynda.

Það er ljóst, að eins og starfsemi Verðlagsráðs hefur verið upp á síðkastið, þá eru þeir einir verulega starfhæfir í Verðlagsráði, sem taka oftast þátt í störfum yfirnefndar. Það er af eðlilegum orsökum. Þeir lifa og hrærast í þessu, misseri eftir misseri. Í þá er dengt miklu gagnafloði frá Þjóðhagsstofnun, sem vissulega ætti einnig erindi til allra annarra verðlagsráðsmanna, en á því vill verða misbrestur. Hinir fulltrúarnir mæta þarna á fundi einstöku sinnum, en áhuginn hlýtur að dofna fljótlega, þegar þeim verður ljóst, að vera þeirra þarna skiptir harla litlu máli.

Nú má enginn skilja orð mín svo, að þarna sitji einhverjir vondir menn, með það eina markmið að þæfa málin á fundum ráðsins þar til þeir geta sent hina óstarfhæfu fulltrúa heim og byrjað að vinna í yfirnefndinni. Ég held ekki, að svo sé, en ýmsar utanaðkomandi orsakir hafa valdið því, að reyndin er orðin sú.

Það er ekki hægt að tala um verðlagningu sjávarafla eða yfirleitt nokkuð, sem snertir efnahagsmál á Íslandi, án þess að reka sig harkalega á þá upplausn og þau vandræði, sem verðbólgan skapar. Afleiðingar hennar koma einna skýrast fram í fiskvinnslunni og öðrum atvinnugreinum, sem eiga því sem næst allt sitt undir sölu afurða á markaði erlendis. Þar er í flestum tilfellum mun stöðugra verðlag en hérlendis og óhægt um vik að flytja verðbólguna úr landi í formi verðhækkana nema að litlu leyti. Öðrum atvinnugreinum, sem að mestu leyti skipta við innlenda aðila, tekst að mestu leyti að velta verðhækkunum út í verðlagið innanlands á einn eða annan veg.

Þegar varan er flutt úr landi, er hún greidd með erlendum gjaldeyri, sem síðan er yfirfærður í íslenskar krónur í gjaldeyrisbönkunum samkvæmt gengisskráningu hverju sinni. Þær krónur eru síðan uppistaðan í tekjuhlíð rekstrarreiknings fiskvinnslufyrirtækjanna.

Gjaldahliðin samanstendur svo af nokkrum liðum, sem flestir eiga það sameiginlegt að fylgja hringiðu verðbólgunnar og víxlhækkunum kaupgjalds og verðlags. Gjaldamegin eru að sjálfsögðu langstærstir tveir liðir, hráefni og vinnulaun. Þessir stærstu gjaldaliðir fiskvinnslunnar hafa að því leyti sérstöðu, að gert er ráð fyrir því, að fulltrúar fiskvinnslunnar eigi að geta haft áhrif á stærð þeirra, þ. e. a. s. laun í kjarasamningum og fiskverð í Verðlagsráði.

Í grein í Morgunblaðinu 21. febrúar 1976 gerði ég að umtalsefni þann mun, sem er á kjarasamningum milli launþega og vinnuveitenda og svo fiskverðsákvörðun.

Það er hvergi gert ráð fyrir því við gerð kjarasamninga að kallaður sé til oddamaður með úrskurðarvald, eins og gert er í Verðlagsráði, en ef til vill væri rétt að taka það upp, þótt ólíklegt sé að aðilar vinnumarkaðarins myndu fallast á þá skipan mála.

Ég er sannfærður um, að það eru fleiri en ég, sem ekki eru ánægðir með aukin umsvif yfirnefndarinnar, en telja að ákvarðanir um fiskverð skuli taka í Verðlagsráðinu, ef nokkur kostur er.

Er þess þá nokkur kostur? Ég geri ráð fyrir því, að í flestum tilfellum hafi fiskverðsákvörðunum verið vísað til yfirnefndar, þegar fulltrúum í Verðlagsráði hefur virzt, að ekki væri mögulegt að komast neitt áleiðis, nema oddamaður væri kallaður til.

Oddamaðurinn hefur reynt í þeirri aðstöðu að geta komið saman fiskverði, þótt ekki sé mögulegt að sjá að það sé hægt. En hvernig það má vera skal ég reyna að skýra nánar.

Gerum ráð fyrir því, að í lok einhvers fiskverðstímabils hafi komið í ljós, að hvorki hafi verið um ágóða né tap að ræða hjá fiskvinnslunni. Það þýðir, að tekizt hefur að fylgja tízkustefnu Þjóðhagsstofnunar, að meðalrekstur skuli vera á núlli, eins og allir kannast við.

Í lok tímabilsins hafa orðið töluverðar verðhækkanir innanlands, bæði af innlendum og erlendum orsökum og þar sem kaup er bundið vísitölu hækkar kaupið í upphafi næsta tímabils um t. d. 10%. Nýtt fiskverð skal ákveðið og kemur Verðlagsráð saman til að huga að nýju að þeim málum. Seljendafulltrúarnir gera að sjálfsögðu kröfu um sömu hækkun fiskverðs a. m. k. eins og almenn launahækkun hefur orðið í landinu. Þar sem hagsmunir sjómanna og útvegsmanna fara að þessu leyti saman, þótt þeir deili einstöku sinnum um kaup og kjör, snúa þeir bökum saman í þessu máli. Gangur málanna í Verðlagsráði hefur verið sá undanfarin allmörg ár, að staða sem þessi hefur blasað við fulltrúum Verðlagsráðs, enda þótt undantekningar hafi sannað þá reglu, sem aðrar. Seljendur heimta hækkun, sem kaupendur geta ekki greitt, þar sem varan hækkar ekki jafnhvort á erlendum mörkuðum og verðlag hér innanlands og til viðbótar er skráning krónunnar sjaldnast í réttu hlutfalli við gildi hennar, ef þá nokkurn tímann.

Þessari fiskverðsákvörðun er vísað til yfirnefndar tafarlaust. Hér þarf oddamaður greinilega að koma til skjalanna. Það liggur nefnilega í augum uppi, að taprekstur er nú þegar í fiskvinnslunni vegna launahækkanna og þar að auki hlýtur hann að margfaldast, ef fiskverðið hækkar nú líka í svipuðu hlutfalli.

Oddamaður er hér ekki kallaður til í þeim tilgangi að hlusta á rök fulltrúanna, vega og meta rekstur veiða og vinnslu og kveða síðan upp einhvern Salómonsdom. Honum, sem forstjóra Þjóðhagsstofnunar, er fullkunnugt um stöðuna fyrir. Hann er væntanlega einnig búinn að gera ríkisstjórninni aðvart um útlitið áður. Hann er ekki tilkallaður sem sáttasemjari og úrskurðaraðili nema að nafninu til. Hlutverk hans er að vega og meta, hver samngirmi felst í kröfum seljenda í samanburði við aðra landsmenn. Á þessu stigi koma kaupendur honum ekki við. Þeirra vanda verður að leysa síðar.

Að loknum athugunum sínum á því, hversu mikla hækkun sjómenn þurfa að fá til að halda í við aðra landsmenn í launum og ef til vill með hliðsjón af afkomu útgerðarinnar, ákveður hann fiskverð með fulltingi annars hvors aðilans eftir því, hvor þeirra er fánlegur til að greiða atkvæði nær hans marki. Í þetta sinn skulum við segja, að 10% hækkun á fiskverði hafi orðið ofan á og gildir einu, hvort seljendur samþykktu þá hækkun eða kaupendur af ótta við enn meiri hækkun, ef oddamaður samþykkti verðið með seljendum.

Nú kemur fram mjög alvarleg rekstrarstaða hjá fiskvinnslunni og það er í þessum tilfellum, sem almenningur heyrir það, sem hann gerir oft gys að, barlóm fiskvinnslunnar. Hér vantar mikið á að endar nái saman. Þegar vinnslugreinarnar hafa verið reknar lengi samkvæmt kenningunni um meðalrekstur á núlli, bera þær ekkert tap stundinni lengur. Það er oddamanni ljóst. Hann hefur því auðvitað, áður en hann kvað upp sinn dóm, verið búinn að tryggja þau viðbrögð stjórnvalda, sem hann telur nægileg til að drösla fiskvinnslunni fyrir næsta horn.

Eins og alkunnugt er, er vandinn venjulega leystur með gengisfellingunni fyrir eða síðar. Skýlt er þó að geta þess, enda þótt ekki gefist tækifæri hér að skýra til hlítar tilurð og þróun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, að hann er látinn spila nokkra rullu í þessu sjónarspili. Fyrstu árin, sem hann starfaði, virðist hann hafa gegnt hlutverki sínu þokkalega sem verðjöfnunarsjóður, en síðan breytist hann í gengisjöfnunarsjóð. Verðjöfnunarsjóði, eins og Verðlagsráði, er gert að taka tillit bæði til söluverðs á erlendum mörkuðum og verðlags innanlands enda þótt báðar stofnanir hafi í seinni tíð litið meira og minna framhjá hinu fyrrnefnda.

Við aðstæður sem þær, er lýst var hér að framan, er líklegt að gengið verði ekki fellt strax, heldur er Verðjöfnunarsjóður látinn hlaupa undir bagga, jafnvel þó að um hækkað markaðsverð kunni að vera að ræða í tímabilinu. Ef til vill er ekkert til í þeim sjóði, en þá er það kallað, að ríkissjóður ábyrgist greiðslur úr sjóðnum. Þá yfirlýsingu þekkir almenningur nú orðið og veit, að þá er skammt að bíða gengisfellingar eða annarra hliðstæðra aðgerða.

Þegar hér er komið, vona ég að allir skilji hvers vegna það er ekki á valdi Verðlagsráðsins sjálfs að ná samkomulagi um nýtt fiskverð án tilkomu oddamannsins frá ríkisstjórninni við aðstæður sem þessar. Það er einfaldlega ekki um neitt að semja fyrir en gengið hefur verið fellt, eða það liggur fyrir að minnsta kosti, að það verði fellt.

Á meðan á þessu stendur er gengið of hátt skráð og óeðlilega mikill innflutningur á hagstæðu gengi flæðir inn í landið.

Óeðlilega lágt verð á erlendum gjaldeyri leiðir til hlutfallslega lágs verðs innfluttra vara og það er hinum almenna neytanda vel kunnugt um, enda slakar hann aldrei á kaupæði sínu af ótta við, að gengið verði leiðrétt. Gildir þar einu, hvort um er að ræða fjárfestingavörur eða neyzluvörur. Í verðbólgu, eins og við höfum búið við, er reyndar orðið mjög erfitt að greina á milli fjárfestingavara og neyzluvara, því svo má heita, að öll kaup séu fjárfesting.

Þetta er stórkostleg sjálfsblekking og það vita allir, sem vilja vita það, en hvers vegna er ekki reynt að draga úr verðbólgunni?

Svarið við þeirri spurningu er flókið, en vafalaust er ein veigamesta ástæðan sú, að stærstur hluti þjóðarinnar er ennþá þeirrar skoðunar, að óðaverðbólga sé uppspretta auðs og forsenda sæmilegrar fjárhagsafkomu. Það er þess vegna hnefahögg í andlit hins almenna skuldara í landinu, sem allflestir eru, ef minnst er á að reyna í alvöru að draga úr verðbólgunni. Hinn almenni borgari álitur það ennþá guðs blessun, að komast yfir ærlegt lán, helst svo stórt, að útilokað sé að sjá, hvernig hægt verður að greiða það aftur, því það tekst alltaf að lokum með verðlausum peningum.

Verðbólgan og fylgifyrirkær hennar afskræma svo allt efnahagskerfi landins, að vart stendur steinn yfir steini. Afleiðingarnar verða svo til dæmis þær, að Verðjöfnunarsjóður verður sjóður, sem ekki verðjafnar, og Verðlagsráð verður ráð, sem ekki verðleggur.

Á því er enginn vafi, að stofnun Verðlagsráðs sjávarútvegsins á sínum tíma og svo stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins voru spor í rétta átt, en því miður er svo komið, að hvorug þessara stofnana stendur lengur undir nafni. Það gerist æ algengara í störfum beggja þessara stofnana, að forstjóri Þjóðhagsstofnunar og aðrir embættismenn í krafti ríkisstjórnar ákveði bæði fiskverð í yfirmynd Verðlagsráðs og viðmiðunarverð í Verðjöfnunarsjóði. Þær ákvarðanir eru sjálfsagt ekkert verri fyrir það, en við erum komin langt frá upphaflegum

tilgangi með stofnun Verðlagsráðs, sem var að koma á frjálsum samningum milli kaupenda og seljenda án beinna afskipta ríkisstjórnar.

Ég tók sæti í Verðlagsráði, þrátt fyrir það, að mér var ljóst áður, að ég væri ekki sáttur við starfshætti ráðsins, enda fannst mér sjálfsagt að kynnast því af eigin raun, við hvaða vandamál er þarna að glíma, úr því mér gafst tækifæri til. Með vísan til þess, sem ég hef sagt hér að framan, verð ég að viðurkenna það, að þær efasemdir, sem ég hafði um ráðið og starfshætti þess, áður en ég kynntist því beint sjálfur, reynast mér hafa við rök að styðjast, því miður. Það er ráðþrota ráð.

Ég vil að lokum ítreka það, sem ég sagði hér að framan, að stofnunin Verðlagsráð sjávarútvegsins er nauðsynleg og sjálfsögð, þar sem enn er líklega langt í land, að við Íslendingar getum tekið upp fiskmarkaði, a. m. k. ekki um allt land, og þess vegna verðum við að vinna að því, að Verðlagsráðið nái aftur því valdi og trausti, sem það hafði. Það er ekki á færi verðlagsráðsmanna einna að gera það, en vissulega geta þeir haft áhrif í þá átt, ef þeir vilja taka höndum saman.

Hitt er svo jafnvíst, að á meðan verðbólgan ræður hér ríkjum, er ekki von að vel fari.

Það er erfitt að sannfæra fólk um skadsemi verðbólgu, meðan fjöldinn trúir því, að „glötuð sé greidd skuld“.

### **Fylgiskjal III.**

#### **Nýtt land**

(Forystugrein, fimmtudaginn 24. september 1981).

#### **Frjálst fiskverð — burt með ríkisvaldið.**

„Fiskverð þarf að hækka um 13% eigi að reka flotann á núlli“, og „verði fiskverð samþykkt óbreytt þýðir það stöðvun flotans“, segir Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegsmanna í viðtali við Morgunblaðið á laugardag.

Þessi ummæli eru umhugsunarvirði. Hver segir, að þessar upplýsingar séu réttar? Og hver segir, að Kristján Ragnarsson sé ekki að fjárkúga ríkisvaldið, hóta með stöðvun og atvinnuleysi, ef útgerðarmenn fá ekki það, sem þeir biðja um? Og hvað þýðir, að flotinn muni rekinn á núlli, ef 13% fiskverðshækkun fái? Hvað er „flotinn“? Eru virkilega öll útvegsfyrirtæki eins rekin? Er hvergi góður rekstur, og hvergi vondur rekstur? Er ekki einhver sem græðir — og einhver sem tapar? Um hverja er verið að hugsa? Útvegsmennina? Sjómennina? Fólkið í vinnslunni? Eða allan almenning í landinu?

Kjarni málsins er sá, að sjávarútvegur á Íslandi er að verða vandamál í sama skilningi og landbúnaður á Íslandi er vandamál. Auðvitað eru þetta um margt merkar atvinnugreinar, og sjávarútvegur auk þess undirstaða gjaldeyrisöflunar. En sjávarútvegskerfið er samt helsjúkt, eins og ummæli Kristjáns Ragnarssonar undirstrika rækilega.

Kristján Ragnarsson er auðvitað ekki einkaframtaksmáður í neinum skilningi orðsins. Hann er ríkiskapítalisti. Fyrirtækin, sem að baki honum standa, og í hverra nafni hann talar, eru fyrirtæki, sem eru von því að hóta ríkisvaldinu. Þau segja: „Ef VIÐ fáum ekki það sem VIÐ biðjum um, þá stöðvast flotinn. Og ef flotinn stöðvast, þá fær landverkafólk enga vinnu, þjóðarþúið engan gjaldeyri.“ Þessi fjárkúgun á auðvitað ekkert skylt við einkaframtak. Þetta er í raun ríkisrekstur. Og fiskvinnslan hegðar sér auðvitað nákvæmlega eins.



Þetta kerfi er svona vegna þess, að þegar samið er um fiskverð, þá setjast kaupendur (fiskvinnsla) og seljendur (útgerðarmenn og sjómenn) niður við borð. En þeir eru ekki að semja í venjulegum skilningi orðsins. Á milli þeirra situr svokallaður oddamaður, sem í tímanna rás hefur orðið sendisveinn ríkisvaldsins, sitjandi ríkisstjórnar. Hans hlutverk hefur, með tíð og tíma, ekki orðið það, að reyna að ná samkomulagi milli tveggja stríðandi fylkinga, heldur að hlusta á hótanir þeirra, hvers um sig, gagnvart ríkisvaldinu, bera þau boð til ríkisstjórnar, og taka síðan við skipunum þaðan um það, með hverjum hætti ríkisstjórnin sé tilbúin til þess að höggva á hnútinn, hversu mikið hún ætli að millifæra úr sjóðum til hvers um sig, hvað hún ætli að fella gengið mikið.

Þessi leikur gengur því út á hótanir og fjárkúganir á hendur ríkisvaldinu, skattborgurum, en á ekkert skylt við lögmál einkarekstrar.

Og í skjóli þessa þróast svo ótrúlegt ástand. Fiskiskipafлотinn er alltof stór. Ríkisvaldið lætur hins vegar undan hótunum, og sníður fiskverð, og síðan gengi í þann stakk, að kerfið gangi. Mörg fiskvinnslufyrirtæki eru auðvitað með hreinan hallærisrekstur. Það breytir engu. Fjármagn er millifært til þeirra svo þau fari ekki á hausinn. Og þau segja: „Þá missir fólk vinnuna.“ Þeir tala við þingmennina. Ríkisvaldið lætur undan.

En menn skulu ekki halda, að alls staðar sé það þessi hallærislegi hallarekstur. Auðvitað eru fjölmörg fyrirtæki nógu vel rekin til þess að raka raka saman ómældum gróða í skjóli þessa ríkisstyrkta sjávarútvegs. Og þar er að finna milljarða hagsmuni.

Sagan skiptir máli: Það er Ólafur Thors, skömmu fyrir stríð, sem beitir sér fyrir því ógæfuspori, og hvarf þar með frá stefnu Jóns Þorlákssonar, að hætta að skrá gengið „rétt“ og fara að skrá það eftir „þörfum sjávarútvegsins“. Í kjölfar þessa fór svo Sjálfstæðisflokkurinn að gerast æ djarfari ríkisafskiptaflokkur. Komið var upp margháttaðu sjóða-, styrkja- og millifærslukerfi, margskráðum gjaldeyri o. s. frv. Þetta varð uppspretta óendanlegrar spillingar. Viðreisnarstjórnin 1959—1960 hjó á þennan hnút, stokkaði upp sjóðakerfið, endurskráði gengið og afnam hið flókna uppbótarkerfi.

Hún bjó síðan til nýtt verðákvörðunarkerfi í sjávarútvegi, í tveimur áföngum raunar, 1960 og 1964. Kerfið var í fyrstu einfalt. Seljendur og kaupendur skyldu semja, og sátta-semjari skipaður af Hæstarétti. Svona var það 1960—1964. En þá þótti ríkisvaldinu sem það réði ekki nógu, og oddamaður verður tilnefndur af ríkisvaldi. Efalítið var það rétt og skynsamleg stefna, miðað við aðstæður eins og þær voru 1964, og miðað við það hagkerfi sem Viðreisnarstjórnin þá byggði upp. En síðan hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina. Smám saman hætti oddamaður að vera sátta-semjari, og varð fyrst fulltrúi, og loks sendisveinn ríkisvaldsins. Og eftir að verðbólga fór úr öllum böndum, upp úr 1970, þá varð þetta að hreinu fjárkúgunarkerfi, þar sem samningsaðilar hella úr skálum reiði sinnar yfir ríkisvaldið, hóta því og sparka í það, uns ríkisvaldið lætur undan.

Það má taka sögulegan samanburð, til myndskreytingar, ef ekki til annars: Mússólíni, í byrjun ferils síns, skóp samningakerfi um kaup og kjör, þar sem ríkið (flokkurinn) hafði oddamann. Svo vel sem þetta kerfi (raunar komið frá syndikalistum) leit út á pappírnum, þá fór samt svo, að innan ekki langs tíma var það oddamaðurinn sem ákvað kaup og kjör. Er samanburðurinn út í hött? Er það alveg víst?

Nýtt land er þeirrar skoðunar að liður í nauðsynlegum róttækum efnahagsráðstöfunum sé að afnema oddamann, fulltrúa ríkisvalds, þegar samið er um fiskverð. Hann er hvort sem er ekki annað, nú orðið, en móttakari hótana. Seljendur og kaupendur eiga að semja sjálfir, og á eigin ábyrgð. Þeir geta hótad hvor öðrum, að þetta frystihúsið sé að fara á hausinn, að þessi togarinn muni stöðvast. Allt samfélagið veit, að mörg frystihús eru allt of illa rekin, og að fiskiskipastóllinn er allt of stór, — sem síðan dregur lífskjörin stórlega niður í landinu.

Verði oddamaðurinn afnuminn, þá munu einhverjir segja, að hætta sé á því, að ekki semjist og flotinn og vinnslan stöðvist um sinn. Og hvað með það? Hvað halda menn að

samningar um kaup og kjör séu? Auðvitað fylgir sú hættu ævinlega verkfallsrétti, bæði atvinnurekenda og launafólks, að semjist ekki, þá stöðvast framleiðslan. Atvinnurekendur í sjávarútveginum verða að læra, að ríkisvaldið er ekki endalaus hit, ekki gólfpurrika, sem endalaust er hægt að traðka á. Þetta fólk verður að semja upp á eigin ábyrgð, upp á þau verðmæti, sem fyrir hendi eru, án þess að ríkisvaldið millifæri milljarða og aftur milljarða til þeirra. Og náist ekki samningar, þá verður verkfall. Og geti einhver fyrirtæki ekki borið það verð, sem um semst, þá eiga þau að fara á hausinn — og þá getur komið að ríkissvaldinu að grípa inn og taka yfir.

Ríkisvaldið — skattborgarar — eiga ekki að bera endalausán kostnað, eiga ekki að láta undan endalausum hótunum aðila í sjávarútvegi. Það á að vera liðin tíð.

Eða rýni menn í svör Kristjáns Ragnarssonar: „Fiskverð þarf að hækka um 13% eigi að reka flotann á núlli . . . . Það er alveg ljóst að fiskvinnslan er ekki fær um að taka á sig svona mikla fiskverðshækkun. . . . Þetta er þjóðfélagslegt vandamál en ekki vandamál okkar“.

Nýtt land segir: Burt með fingur ríkisvaldsins, þegar samið er um fiskverð. Látum þá sjálfa bera ábyrgð á því, sem þeir semja um. Í kjölfar þess myndi fylgja ný ábyrgðartilfinning, og uppstokkun þessa kerfis, sem því miður er orðið fársjúkt.

Vilmundur Gylfason.